

Borgarráð

Framhald tilraunaverkefnis um styttingu vinnudags án launaskerðingar

Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 5. júlí sl. leggur stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar til að sett verði á laggirnar tilraunaverkefni um styttingu vinnudags á umhverfis- og skipulagssviði. Verkefnið nái til hverfa- og verkþækistöðva sviðsins og standi yfir frá 1. október 2016 til 1. mars 2017. Umsjón með verkefninu verði í höndum stýrihóps um framhald tilraunaverkefnis um styttingu vinnudags án launaskerðingar sem skili áfangaskýrslu í samræmi við erindisbréf eigi síðar en 1. mars 2017 ásamt tillögum að aðgerðum í framhaldinu. Borgarráð endurskipi í stýrihópinn í samræmi við þróun verkefnisins, sbr. hjálögð drög að erindisbréfi. Tillögur um starfsstaði á íþrótta- og tómstundasviði, skóla- og frístundasviði og velferðarsviði verða lagðar fyrir á næstu vikum, en gert er ráð fyrir að þar hefjist tilraunaverkefni ekki síðar en 1. nóvember.

Greinargerð:

Þar sem niðurstöður um tilraunaverkefni hjá Barnavernd Reykjavíkur og þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts hafa verið jákvæðar og bent til þess að stytting vinnuvikunnar geti haft jákvæð áhrif á heilsu, vellíðan, starfsanda og þjónustu í Reykjavík þótti eðlilegt að útfæra verkefnið frekar og kanna hver áhrifin gætu orðið á ólíka starfsstaði borgarinnar.

Verkefnið var kynnt fyrir æðstu stjórnendum sviðanna og óskað eftir tillögum frá þeim að hugsanlegum stöðum, þar sem lögð var áhersla á að auka fjölbreytileika þess starfsfólks sem tæki þátt m.t.t. kyns, menntunar og hlutverka. Starfsstaðir voru í framhaldi valdir af stjórnendum í samráði við starfsfólk á hverjum stað út frá því sem helst þótti henta og þjóna verkefninu.

Helsta sérstaða þeirra starfsstaða sem hér eru lagðir til eru að þar starfa að stærstum hluta karlar, vinnutíminn hefur verið langur, veikindahlutfall tiltölulega hátt og álag mikið.

Lagt er til að vinnutíminn verði stytur um 5 tíma á viku, útstöðvar í austri hætti kl. 11.30 á föstudögum en að útstöðvar í vestri og þjónustumiðstöð borgarlandsins hætti klukkutíma fyrr alla virka daga.

Eftirfylgd með verkefninu verður lík því sem gert hefur verið með þau verkefni sem þegar eru í gangi, þar sem gerðar verða kannanir meðal starfsfólks, fylgst með yfirvinnu, veikindafjarvistum og auk þess verður fylgst með viðbrögðum við innkomnum ábendingum gegnum vef og símtöl og viðbragðstíma við þeim.

S. Björn Blöndal

e.u.

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um framhald tilraunaverkefnis um styttingu vinnudags án launaskerðingar.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Vorið 2014 samþykkti borgarstjórn að stofnaður yrði starfshópur með það að markmiði að útfæra tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar. Markmið verkefnisins er að kanna áhrif styttingar vinnudags á heilsu, vellíðan, starfsanda og þjónustu með tilliti til gæða og hagkvæmni. Starfshópur var skipaður til að útfæra verkefnið nánar og urðu þá tveir starfsstaðir fyrir valinu, þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og skrifstofa barnaverndar Reykjavíkur, auk þess sem skipaður var stýrihópur kjörinna fulltrúa og fulltrúa BSRB til að hafa umsjón með verkefninu.

Vorið 2016 var samþykkt að framlengja verkefnið til 1. júní 2017 og á sama tíma var stýrihópnum falið að undirbúa tilraunaverkefni á umhverfis- og skipulagssviði, íþrótt- og tómstunds sviði, velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Fimm ný tilraunaverkefni eru nú í undirbúningi og mun stýrihópurinn hafa umsjón með þeim.

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á tilraunaverkefninu gagnvart ábyrgðarmanni og hefur yfirumsjón með því en felur starfsmönnum að sinna framkvæmd þess.

Hlutverk starfsmanna:

Starfsmenn hafa það hlutverk að sinna framkvæmd verkefnisins og undirbúa þá vinnustaði sem valdir hafa verið með því að gera breytingar á vinnuskipulagi, veita upplýsingagjöf um þær breytingar sem kunna að verða á starfsemi í kjölfarið og ráðast í önnur viðeigandi verkefni. Starfsmenn hafa einnig það hlutverk að fylgjast með framvindu verkefnisins og mæla árangur þess. Starfsmenn upplýsi stýrihóp um framvindu á reglulegum fundum.

Stýrihópurinn skipa:

Þrjú fulltrúar tilnefndir af borgarráði.

Starfsmenn stýrihóps:

Harpa Hrund Berndsen, mannauðsdeild Ráðhúss.

Lóa Birna Birgisdóttir, mannauðsstjóri velferðarsviðs.

Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Fulltrúi, skóla- og frístundasviði.

Fulltrúi, frá íþrótt- og tómstundasviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar hjá og upplýsi sviðsstjóra viðkomandi sviða og starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar sem og fulltrúa stéttarféлага. Að auki leiti starfshópurinn ráðgjafar hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu. Starfsmenn myndi verkefnastjórnir sér til fulltingis inni á fagsviðum borgarinnar í þeim verkefnum sem þeim er falið skv. erindisbréfi þessu.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn fylgi verkefninu eftir á meðan á því stendur í samræmi við niðurstöður árangursmats og niðurstaðna hverju sinni. Stýrihópurinn skili áfangaskýrslu eigi síðar en 1. mars 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG